

Umsögn frá stjórn Prestafélags Íslands um 26. mál kirkjuþings 2021-2022, tillögu til þingsályktunar um afnám gjaldtöku í áföngum vegna prestsþjónustu þjóðkirkjunnar

Prestafélag Íslands mótmælir harðlega tillögu sem fram er komin og gerir ráð fyrir afnámi gjaldtöku vegna aukaverka presta.

Innheimta greiðslu vegna tiltekinna prestsverka hefur lengst af byggst á heimild í lögum og gamalli hefð. Í nýjum þjóðkirkjulögum nr. 77/2021 kemur hvergi fram með beinum hætti að kirkjuþing setji gjaldskrá fyrir aukaverk presta í kjölfar breyttrar stöðu þjóðkirkjunnar gagnvart ríkisvaldinu og breyttrar stöðu presta á vinnumarkaði. Prestar eru nú starfsmenn á almennum vinnumarkaði með tilheyrandi athafnafrelsi. Gjaldskrárfyrirkomulagið, að kirkjuþing hafi það hlutverk að setja gjaldskrá vegna þóknunar presta fyrir tiltekin prestverk, skerðir sannings- og atvinnufrelsi presta sem starfsmanna á almennum vinnumarkaði og slíkar skerðingar verða að vera studdar með skýrum hætti í lögum. Um rétt presta til að innheimta fyrir tiltekin prestsverk er kveðið á í kjarasamningi. Aðeins prestar sjálfir geta ákveðið að leggja af slíkar greiðslur. Ef kirkjuþing vill leggja af slíka innheimtu er ljóst að til þarf að koma uppbót fyrir það tekjutap sem af því hlýst.

Ljóst er að ef hætt verður að innheimta fyrir aukaverk mun það hafa mikil og varanlega áhrif á þjónustu kirkjunnar. Mikið af vinnuframlagi presta tengt aukaverkum fer fram utan hefðbundins dagvinnutíma. Aukaverkagreiðslurnar duga ekki til að greiða þá yfirvinnu alla en eitthvað þó. Það hverfa mörg stöðugildi úr prestsþjónustu þjóðkirkjunnar ef innheimtu aukaverka yrði hætt. Þau stöðugildi eru greidd af því fólki sem nýtir sér þjónustu presta. Gjaldskrá presta er mjög hófleg, sumir myndu segja of lág þar sem venjulegt tímakaup rímar ekki við verkefni

gjaldskrár. Ef greiðslur vegna aukaverka nyti ekki við er næsta ljóst að margir prestar myndu ekki vilja vinna utan þess vinnuramma sem greitt er fyrir.

Nú er stefnt að 36 stunda vinnuviku presta. Þjóðkirkjan þyrfti að svara því hvernig skírnarathöfnum í heimahúsum yrði háttað því óvíst er að prestar önnuðust þær nema í vinnutíma það er í helgihaldi sunnudagsins. Nái þessi tillaga fram að ganga yrði því um verulega þjónustuskerðingu að ræða í íslensku þjóðkirkjunni. Einn af styrkleikum kirkjunnar eru persónuleg tengsl presta við þá sem þiggja prestsþjónustu. Það getur auðvitað reynt á, ekki síst þegar kemur að því að prestar standi vörð um frítíma sinni og setji mörk í þjónustunni, einkum þar sem athafnaþungi er mikill. Í stað þess að glutra niður þeim verðmætum sem felst í hinni persónulegu og sveigjanlegu þjónustu ætti kirkjuþing með ákvörðunum sínum að koma til móts við presta þannig að þeir geti sinni hinni verðmætu þjónustu eins vel og kostur er. Með öðrum orðum þá er ekki hægt að fella niður aukaverkagreiðslur til presta öðru vísi en að koma á víðtæku vaktakerfi og vinnutímastjórnun í Þjóðkirkjunni þar sem mönnun til athafna og prestsverka er tryggð og prestum bætt tekjutapið.

Í 26. máli kirkjuþings er rætt um að það sé “tímaskekkja og fráhrindandi ásýnd kirkjulegrar þjónustu” að prestar innheimti vegna aukaverka. Með samþykkt viðbótarsamkomulags um fjárhagsleg samskipti ríkis og kirkju í september 2019 samþykkti kirkjuþing þá grundvallarbreytingu á innheimtu greiðslu vegna aukaverka í tengslum við andlát, kistulagningar, útfarar og niðursetningar duftkerja að nú skyldu prestar sjálfir innheimta fyrir þá þjónustu. Það er í meira lagi ótrúverðugt að það sama kirkjuþing telur nú innheimtu presta vegna aukaverka “tímaskekkju og fráhrindandi ásýnd kirkjulegrar þjónustu.” Prestsþjónusta vegna andláta eru án nokkurs efa viðkvæmstu aðstæður sem prestar þjónusta við og því

mjög ótrúverðugt að kirkjuþing telji eðlilegt að prestar innheimti sjálfir fyrir þá þjónustu en afar óheppilegt að þeir geri það vegna skírna og fermingarfræðslu.

Þá er það í hæsta máta ósmekklegt og ekki kirkjuþingi sæmandi að væna presta um skort á kristilegum kærleika þegar þeir nýta sér skýrt grundvallaðan rétt sinn til þess að innheimta fyrir aukaverk. Ljóst er að hvort heldur um er að ræða innheimtu vegna skírna, fermingarfræðslu eða annarra aukaverka þá ganga prestar ekki hart fram í þeirri innheimtu. Þannig hefur efnalítið fólk alltaf getað leitað til presta þjóðkirkjunnar um þessa þjónustu án þess að því sé vísað frá. Þar er að leiðarljósi umhyggja og kærleikur í garð þeirra sem þjónustu prestanna njóta.

Í júní sl. samþykktu bæði PÍ og kirkjuþing nýundirritaðan kjarasamning milli Prestafélags Íslands og Kjaranefndar fyrir hönd Þjóðkirkjunnar Biskupsstofu. Í þeim kjarasamningi kemur ótvírætt fram heimild presta til þess að innheimta greiðslur vegna aukaverka. Það eru vonbrigði að einungis þremur mánuðum seinna komi fram tillaga á kirkjuþingi þess efnis að ákvæði samningsins skuli felld úr gildi. PÍ lítur svo á að ef komi til þess sé allur kjarasamningurinn úr gildi fallinn.

Fyrir hönd stjórnar Prestafélags Íslands

Ninna Sif Svavarsdóttir

Formaður PÍ.